

UM MÖÐRUDALSÖRÆFI TIL VOPNAFJARDAR

- útvarpserindi eftir Árna Vilhjálmsson lækni - samið í kringum 1960.

"Nú skulum við líta á landið
í ljósflóði sólstöðudags.

V Hver óskar sér fríðari fjarða
og fegurra byggðarlags."

Svo kvað skáldið Örn Arnarson, og vissulega má víða á landi voru finna fríða firði og fögur byggðarlög. Eitt af þessum fögru byggðarlögum er Vopnafjörður. Hafir þú, sem ætlar í summarferðalag, ekki komið þangað áður, ættir þú að bregða þér þangað. Leiðin er löng frá Reykjavík, en hafir þú gæfuna með þér og fáir gott veður, mun þig ekki iðra fararinnar þangað.

Áður en lagt er í ferðina er hyggilegt að athuga veðurútlitið gaumgæfilega. Leggðu á stað þegar útlit er fyrir suðvestan átt með dumbungi og regni við suðurströndina. Þá andar í Vopnafirði hlýr suðvestan blær, sem þú átt ekki að venjast við Faxaflóa. Þetta fyrirbæri eru hinir "ljúfu laufvindar", sem Jónas Hallgrímsson kvað um.

Vopnafjörður er sumarfögur sveit, grösug, hlýleg og búsældarleg. Þar eru mörg reisuleg bændabýli og höfuðból allt frá landnámsöld, svo sem Krossavík, Hof og Burstarfell. Áður var myndarlegur birkiskógar í landi Burstarfells og Hofs, en er nú að mestu horfinn.

Vopnafjörður er einn af elstu verslunarstöðum landsins. Fram til síðustu aldamóta og jafnvel lengur sóttu þangað til viðskipta íbúar á Langanesströnd, Hölsfjöllum, Jökuldal, Jökulsárhlið og Tungu á Fljótsdalshéraði. Nú sækja þangað í kaupstað aðeins Vopnfirðingar. Vopnafjarðarkauptún rís nú sem fuglinn Phönix úr öskunni og er að verða að myndarlegu velsældarþorpi - eins konar nýju Klondyke. Um það sér Austfjarða-síldin og síldarverksmiðjan, sem malar gull úr silfri hafssins. Að sumrinu streyma þangað gullleitarmenn úr öllum áttum, að ógleymdum laxveiðimönnum, sem vita vel að "fiskar vaka" í öllum ám í Vopnafirði. Í heiðunum í kring blunda svanabörn í sefi, en silungur í læk og tjörn.

Ef við gerum ráð fyrir því að ferðamaður, sem ætlar til Vopnafjarðar, sé kominn til Akureyrar, þá er um tvær leiðir að velja. Leiðina til Húsavíkur um Axarfjörð, Axarfjarðarheiði, Þistilfjörð, Brekknaheiði, Langanesstrandir, yfir Sandvíkurheiði til Vopnafjarðar. Hin leiðin er um hálendið um Mývatnssveit, Mývatnsöræfi, um Grímsstaði, norður yfir Biskupsháls, um Víðidal, gegnum Vegarskarð í Víðidalsfjallgarði og yfir Skarðsá, sem rennur rétt undir skarðinu og fellur til Jökulsár á Fjöllum. Er þá komið í Möðrudalsland. Skammt sunnan við Skarðsá liggur vegurinn til Vopnafjarðar út af Austurlandsvegi. Ég ráðlegg ferðamanninum að aka hringinn: austur um öræfin, en til baka um lágsveitir.

Frá vegamótum sunnan Skarðsár er 8 km leið í Möðrudal. Ferðamaðurinn ætti að taka á sig krókinn og skreppa þangað. Möðrudalur liggur hæst byggðra bóla á landi hér. Land jarðarinna er svo stórt, að svara mundi miðlungssýslu, frá Súlendum í norðri til Brúarjökuls og Kverkfjalla í suðri. Þar er geysilega víðsýnt. Til suðurs hásléttu mishæðalítill með sandhólum og hinum

sérkennilegu Upptippingum. Lengst í suðri sér til Kverkfjalla og rennur jökullinn sem foss út um kverkina. Í vestri blasir við drottning hálendisins, hin tignarlega Herðubreið, með móbergsskriðum hið neðra en blágrýtisklettabeltum hið efra, og jökulhettuna á skallanum. Sunnan hennar eru Herðubreiðartögl, en norðan hennar Herðubreiðarfjöll. Lengst í vestri sér til dyngjanna í Ódáðahrauni og Dyngjufjalla. Að austan skýlir Möðrudalsfjallgarður sléttunni, en að norðan Viðidalsfjallgarður með mörgum sérkennilegum móbergsfellum. Um sléttuna miklu renna Kreppa og Jökulsá á Fjöllum og koma saman beint austur af Herðubreið. Verður úr því hin mikla móða, sem hvergi er reið allt til sjávar.

Gróðurlendi er mikið á Möðrudalssléttunni, en ferðamaðurinn verður þess ekki mikið var, því að gróðurlendið leynist í dældum þar sem vatn seitlar fram, en bílvegurinn liggur um sanda og meloldur. Sauðfé er ákafleg vænt í Möðrudal og meðalfallþungi dilda 17-19 kg. Þar hefur löngum verið eitt mesta sauðfjárbú landsins og er enn. Í Möðrudal býr hinn þjóðkunni, hálfniræði öldungur Jón A. Stefánsson ásamt afkomendum sínum. Ef ferðamaðurinn heldur að hann muni fyrir hitta "hitaveitumenni" þar sem Jón er, þá fer hann villur vegar. Jón í Möðrudal er hinn "typiski" hálendisbúi, með rúnir öræfanna ristar í veðurbitið andlitið. Hann er léttur í spori og kvíkur í hreyfingum, djarfur í málí, og kallar ekki allt ömmu sína. Gestrisni hans og hjálpfýsi á sér engin takmörk. Listfengur er hann í eðli sínu, en hefur ekki notið þeirrar menntunar, sem listamanni er nauðsynleg. Á vetrum er hann söðlasmiður, sker höfðaletur af miklum hagleik, málar í tómstundum, leikur á orgel, gengur á skíðum 40 km leið, án þess að blása úr nös fremur en borgarstjórinn í Reykjavík eftir 4 km landsgöngu. Af eigin rammleik og fyrir eigið fé hefur hann reist kirkju guði sínum til dýrðar og malað sjálfur altaristöfluna.

Eftir að hafa litast um í Möðrudal heldur ferðamaðurinn til baka að vegamótum sunnan Skarðsár. Þaðan er 80 km leið út í Vopnafjarðarkaupþún. Vegurinn liggur um gróðurlausar meloldur að Jökulkinn, sem er allhá melalda við norðurenda Möðrudalsfjallgarðs. Nafn sitt hefur hún hlutið af fönn í kvosinni sem helst óbráðin lengi eftir að snjó leysir í umhverfinu. Ekið er upp bratta brekku upp á melolduna. Þegar upp á melolduna kemur, skalt þú, vegfarandi góður, stíga út úr bílnum og líta yfir Möðrudalssléttuna. Þarna er víðsýni mikið til suðurs og vesturs. Hvergi er Herðubreið jafn formfögur og tignarleg og séð frá Jökulkinn.

Um stund er ekið eftir meloldum og er þá komið í Langadal. Þetta er langur sléttur dalur með allmiklu gróðurlendi. Eftir dalnum liðast lygn bergvatnsá, Langadalsá, sem rennur til suðurs til Jökulsár á Fjöllum. Suður úr dalnum liggur Sótaskarð til Viðidals. Á hægri hönd er Svartfell, dimmleitt móbergsfell. Að norðan lokar háð melhryggur dalnum. Þegar yfir hann er komið, liggur vegurinn um gróðurlausar urðir norður að Súlendum. Á vinstri hönd er Þjóðfellið, en á hægri vingjarnleg gróðurlægð, nefnd Áfangar. Þar lá gamli reiðvegurinn. Súlendur er sérkennilegt móbergsfell. Þar eru norðurmörk Möðrudalslands. Vegurinn liggur niður með fellinu og yfir gróðurtorfu, sem nefnist Banatorfur. Þá er farið yfir smá á eða læk, Hölkna, sem kemur innan úr Áföngum og fellur til Hofsár skammt innan við eyðibýlið Brunahvamm, síðan yfir melhrygg og um

gil niður undir Brunahvammsháls. Er þá komið nærri Hofsárdalnum. Niðri á flót við ána er eyðibýlið Brunahvammur. Sunnan árinna er ákaflega grýtt og gróðursnautt fell, er nefnist Bruni. Út með Brunahvammshálsi er ekið eftir melurðum rétt undir hálsinum. Er hálsinn þrýtur, er farið yfir gróna lægð sem tengir graslendi Hofsárdalsins við gróðurlendið kringum eyðibýlið Arnarvatn. Um Arnarvatn lá gamli reiðvegurinn út til Vesturárdals.

Vegurinn liggur nú að mestu um urðir út á enda Burstarfells. Rétt innan við Burstarfellið er farið yfir lægð. Þar er Þuriðarvatn og fellur úr því Þuriðará fram af fjalllinu. Fram undan rís Burstarfellið í fulla hæð. Þar heitir Borgarfjall er hæst ber, og liggur vegurinn nálægt brúninni. Þarna er rétt að stansa og ganga fram á brúnina. Þar er fagurt og stórfenglegt útsýni. Sér þar niður í dalinn sem liggur djúpt undir fótum manns. Þar er Burstarfell litlu utar, en Einarsstaðir sunnan Hofsár litlu innar en við stöndum. Hér sjáum við yfir hina miklu grassléttu Hofsárdalsins og út með firðinum að sunnan út undir Gljúfursá. Í suðaustri blasir við hrikalegur fjallgarður, sem skilur Vopnafjörð og Úthérað. Hæsti tindur í þessum fjallgarði er 1080 m yfir sjó. Þarna sér á tígulegar brúnir Krossavíkurfjalla. Undir suðurfjöllum er byggðin þéttust, þar er bændabýli við bændabýli og skammt á milli bæja. Er þessi bæjaröð kölluð "undir Fjöllum". Í fjallgarðinum er stórfenni, sem aldrei leysir að fullu yfir sumarið.

Vegurinn liggur nú út eftir brúnum Burstarfellsins. Áður en veginum tekur að halla ofan af fjalllinu er rétt að bregða sér út úr bílnum og litast um. Þarna er Nykurvatn, úr því fellur Teigará til Hofsár. Þarna sér vítt um yfir Hofsárdalinn og Vesturárdalinn og út yfir gróðursælan háan háls er skilur dalina. Niður af Burstarfelinu liggur vegurinn niður með Teigará að vegamótum aðalvegarins inn dalinn. Þaðan er skammt að Burstarfelli, gömlu stórbýli og höfðingjasetri. Að Burstarfelli leggja allir ferðalangar leið sína til að skoða staðinn og gamla bæinn, sem ríkið á og létt endurreisa í sama formi og áður var. Bærinn er stór og rúmgóður og ber þess glöggt vitni, að þar hefur verið búið stórt og ekki af vanefnum. Í bænum er vísir að byggðasafni, sem hinn aldraði bóndi Methúsalem Methúsalemsson hefur dregið að sér og annast af mikilli natni. Á Burstarfelli er vegfarendum tekið með kurteisi, hlýleik og mikilli gestrisni. Ofan við bæinn gnæfir Burstarfellið hátt og tígulegt með móbergsskriðum að neðan, en hamrabeltum upp undir beinni og nálega sléttri brúninni.

Frá Burstarfelli er stutt út að Hofi, landnámsjörð og höfuðbóli allt frá söguöld. Þar bjó Broddhelgi, og þar hafa setið staðinn margir mikilsvirtir klerkar gegn um aldirnar, enda var Hof talið með allra bestu brauðum landsins. Hof standur hátt á meltungu, sér þaðan vítt um Hofsárdal. Í brekkunni ofan við bænn eru mjög greinilegar rústir hofs frá heiðni. Úti í túnfætinum eru gamlar tættur, er fróðir menn telja að verið hafi hestarétt Broddhelga. Á Hofi er mjög staðarlegt. Þar er myndarleg kirkja, stórt íbúðarhús með myndarlegum trjágarði í kring. Þar eru talin vera í jörðu forn leynigöng frá gamla bænum norður í kvosina, sem þá hefur verið skógi vaxin, svo sem sjá má af Vopnfirðinga sögu.

Í kirkjugarðinum á Hofi er leiði Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds. Á leiði hans létt Jón Ólafsson reisa táknrænan legstein, steinsúlu með brotnum skáfleti að ofan. Ennþá lifa á vörum gamalla

Vopnfirðinga lausavísur Kristjáns, er hann kvað í lestaferðum frá Hólsfjöllum til Vopnafjarðar, og ekki allar þægilegar. Um lokadvöl sína hjá Iversen verslunarstjóra á Vopnafirði kvað hann svo:

Á ævi minni er engin mynd
hjá austanvérum slyngum.
Ég er eins og kláðakind
í klóm á Húnvetningum.

Frá Hofi er 16 km leið út í Vopnafjarðarkauptún. Kauptúnið stendur við sjóinn á svokölluðum Kolbeinstanga undir allháum melhrygg, sem skýlir fyrir norðanátt. Landslag er þarna mjög sérkennilegt. Blágrýtisgangar liggja gegnum þorpið frá norðaustri til suðvesturs. Mynda þeir hryggi, bríkur og stalla, hóla, smákletta og smáklettabelti við brúnir. Ofan við kirkjuna og læknishúsið er Vigdísarklettur með standberg til sjávar. Þarna býr Vigdís álfkona og heldur verndarhendi yfir nágrenni sínu. Utar er minni klettur, Andrésarklettur.

Milli basaltganganna eru vingjarnlegar lægðir, lautir, kvosir og hvammar græddar í tún af iðjusömum höndum. Basaltgangarnir ganga í sjó fram og mynda voga og vingjarnlegar víkur, en sker og flúðir í sjó fram. Gömlu verslunarhúsin stóðu á flót fram á sjávarbakkanum. Fram undan þeim er langur og hár varphólmi, sem nefnist Skiphólmi, skammt utan við hann er minni hólmi, Miðhólmi. Milli þeirra, og þó nær landi, er Friðarsker. Varphólmarnir gera plássið hlýlegt og skýla sundinu innan við - þ.e. höfninni - fyrir hafátt. Út frá landi innan við gömlu verslunarhúsin var Akkerishólmi tengdur landi með rifi. Þar er nú hafskipabryggjan. Á sundinu lágu fyrrum kaupskipin við "múrningu". Lágu digrar járnkeðjur í kross á sundinu, tvær í Skiphólma en tvær til lands. Varphólmarnir eru eign Hofskirkju. Þar var mikið æðarvarp áður fyrr, en hefur þorrið á síðari árum vegna aukinnar umferðar um höfnina.

Beint á móti kauptúninu sunnan fjarðarins er hið forna höfuðból Krossavík. Utar á tanganum er býlið Leiðarhöfn, þar er þriðji varphólminn undan landi. Í Leiðarhöfn var áður útgerð talsverð í tíð róðrarbátanna. Þar er mjög sérkennilegur djúpur vogur milli tveggja basaltganga. Unnið er nú að hafnargerð frá landi út á sundið milli Miðhólmans og lands. Síldarverksmiðjan setur að sjálfsögðu mjög svip sinn á kauptúnið. Þetta er mikið og myndarlegt mannvirki og getur brætt allt að 5000 mál síldar á sólarhring. Þá eru þarna 4 síldarsöltunarstöðvar.

Ýmislegt fleira má nefna, svo sem myndarlega kirkju, nýjan læknisbústað, stórt félagsheimili, verslunarhús Kaupfélags Vopnfirðinga, slátur- og frystihús sama félags, auk allmargra myndarlegra íbúðarhúsa.

Við kveðjum Vopnafjarðarkauptún og lítum um stund á héraðið sem heild. Vopnafjörður er breiður flói, sem skerst inn í landið frá austri milli Digraness að norðan og Kollumúla að sunnan. Flóinn er nokkuð jafnbreiður inn að Kolbeinstanga. Norðan tangans þrýtur norðurhluta flóans skammt innan við Tangasporðinn. Þar heitir Nýpsflói milli Kolbeinstanga og Fuglabjargarness. Sunnan tangans gengur mjór fjörður um 10 km inn í landið - Vopnafjörður. Upp af Nýpsflóa ganga tveir dalir inn í landið, Vesturárdalur og Selárdalur, en inn frá Vopnafirði gengur Hofsárdalur. Nyrstur

dalanna er Selárdalur. Hann er fremur þröngr og hallar til árinnar beggja megin frá. Þar er graslendi mikið alla leið norður í Hágangnaheiði. Þar er snjóþungt á vetrum en haglendi gott. Þarna var áður þétt byggð, en nú eru allir bær í eyði nema ysti bærinn, Hróaldsstæðir. Eftir dalnum fellur Selá, vatnsmikil og straumhörd á, komin innan af Haugsöræfum. Í Selá er mikil laxgengd, en nokkru fyrir innan Hróaldsstæði er foss í ánni, sem lax kemst ekki upp fyrir. Laxveiðisvæðið er því ekki langt frá fossi til sjávar.

Vesturárdalur er í miðið. Ákaflega grösugur og hlýlegur dalur. Gróðursælir hálsar eru beggja megin. Dalbotninn er sléttur inn fyrir Vakursstaði, en úr því hækkar dalurinn og þrengist. Þarna eru mörg myndarleg bændabýli, öll norðan árinnar, nema Búastaðir sunnan ár. Á Torfastöðum er heimavistarbarnaskóli. Á Ljótsstöðum býr oddviti hreppsins, Sigurður Gunnarsson, albroðir Gunnars Gunnarssonar skálds. Í Ytri-Hlíð býr hreppstjórin, Friðrik Sigurjónsson, stórbúi. Þar er trjágarður mikill og vænn, sem kona hreppstjórans, Oddny Methúsalemsdóttir, hefur ræktað og annast af mikilli natni. Eftir dalnum fellur Vesturá, eða Vesturdalsá, fremur vatnslítill á, sem kemur úr Arnarvatni og undan Kálfell. Skammt innan við bæinn Skóga fellur áin í langt og djúpt sjávarlón, Nýpslón. Úr lóninu fellur áin um gryninggar til sjávar. Þær má riða yfir útfallið á fjöru undan Straumseyri. Í Vesturdalsá er ágæt laxveiði og gengur laxinn langt inn ána.

Upp frá Vopnafirði gengur Hofsárdalur. Utan til er dalurinn breið og mikil grasslétta inn undir Hof, en þar klofnar dalurinn í two dali: Sunnudal, sem gengur til suð-suðvesturs, og Hofsárdal, sem gengur til vest-suðvesturs. Eftir Hofsárdal rennur Hofsá, vatnsmesta á héraðsins, til sjávar. Vatnasvæði hennar er geysivítt. Hún á upptök sín í Möðrudalsfjallgarði og heitir þar Lindá. Rennur hún út hálendið og eftir að hafa sameinast Háreksstæðakvísl heitir hún Hofsá. Upp í Hofsá gengur mikið af laxi og sjóþirtingi, og er hún talin ágæt laxveiðiá. Foss allhár er í Hofsá rétt utan við eyðibýlið Foss, og upp fyrir hann kemst laxinn ekki. Í Hofsá falla margar þverár, stærstar þeirra eru Tunguá og Sunnudalsá, sem rennur út Sunnudal. Undan suðurfjöllunum renna í hana nokkrar þverár. Hofsá var brúuð 1930, og nú er nýbúið að reisa aðra brú á hana utan við Þorbrandsstaði. Má því hringkeyra útsléttu Hofsárdals. Áður en brúin kom 1930 var Hofsá oft óreið langt fram á sumar og varð því að fara yfir hana á ferju.

Út með firðinum að sunnan er mikið graslendi út með Krossavíkurfjöllum, sem eru bæði há og tignarleg. Þegar kemur út undir Gljúfursá mjókkar graslendið. Utar nokkru gengur Böðvarsdalur langt inn í suðurfjallgarðinn. Eftir honum rennur Dalsá til sjávar. Úr Böðvarsdal liggur vegurinn yfir Hellisheiði til Fljótsdalshéraðs. Hann er nú orðinn fær jeppum og bílum með drifi á öllum hjólum. Fram við sjó endar Hellisheiði í hrikalegu lóðréttu standbergi. Er þar kallað Búr. Utan við Búr er Fagridalur, sem nú er nýkominn í eyði. Úti fyrir Kollumúla liggur Bjarnarey, þar er æðarvarp.

Á norðurströnd Vopnafjarðar er mikið samfellt graslendi norður til Sandvíkurheiðar. Þar eru 4 myndarleg bændabýli, er Strandhöfn þar ysti bærinn. Fuglabjargaá og Strandhafnará falla þar til sjávar. Ferðamaður góður. Þegar þú hefur skoðað þig vel um í þessu fagra héraði, þá legðu leið um veginn norður til Hvammsgerðis og yfir

Sandvíkurheiði. Þegar þú kemur upp á heiðina, þá stígðu út úr bílnum þínum. Þar sér til hinna tígulegu suðurfjalla allt út á Kollumúla, yfir Kolbeinstanga og Nýpslón. Sú mynd mun greypast í hug þinn og heila og aldrei gleymast.